

Umsókn um aðild Hestaíþróttafélagsins Sunnu að Íþróttabandalagi Akraness (ÍA)

Á stofnfundi Hestaíþróttafélagsins Sunnu hinn 7. febrúar 2025 var samþykkt að sækja um aðild að Íþróttabandalagi Akraness (ÍA).

Eins og fram kemur í samþykktum félagsins er höfuðáhersla lögð á unglingsastarf á sviði hestamennsku en félagið er jafnframt öllum opið sem áhuga hafa á hestamennsku.

Aðstandendur félagsins hafa haldið námskeið í hestamennsku fyrir börn og unglings allt frá árinu 2016 og búa þeir því yfir talsverðri reynslu af slíku starfi. Auk þess munu þeir tryggja hinu nýstofnaða hestaíþróttafélagi aðgang að hestum og reiðtygjum til þess að félagið geti náð fram markmiðum sínum.

Félagið leggur áherslu á að starfsemi félagsins verður allt árið um kring með námskeiðahaldi fyrir börn og unglings og aðra sem áhuga hafa á hestamennsku.

Félagið telur nauðsynlegt að vera aðili að ÍA þar sem forsvarsmenn félagsins hafa síðustu árin haft afar takmarkaðan aðgang að reiðhöllinni sem er í eigu Akraneskaupstaðar.

Akranesi, 7. febrúar 2025

Í stjórn Hestaíþróttafélagsins Sunnu,



Hrun Orri Tryggvason



STOFNFUNDARGERÐ
Hestaíþróttafélagsins Sunnu

Stofnfundur Hestaíþróttafélagsins Sunnu var haldinn að Æðarodda 36, 300 Akranesi 7. febrúar 2025.

Fundinn sóttu eftirtaldir:

Daniella Roman kt. 071168-2129, Aron Orri Tryggvason kt. 190796-3109, Orri Ingólfsson kt. 300886-2569 og Jón Magnússon kt. 070366-4609.

Á fundinum voru lögð fram drög að samþykktum félagins og þær kynntar fundarmönnum. Þær voru síðan bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Kosning í trúnaðarstöður:



Í stjórn voru kjörin:

Formaður: Daniella Roman, kt. 071168-2129

Meðstjónendur: Aron Orri Tryggvason kt. 190796-3109 og Orri Ingólfsson kt. 300886-2569.

Nýkjörinni stjórn var falið að tilkynna félagi til fyrirtækjaskrár skattsins og útvega nauðsynleg leyfi fyrir starfsemi félagsins og að sækja um aðild að Íþróttabandalagi Akraness (ÍA).

Akranesi, 7. febrúar 2025


Daniella

Aron Orri Tryggvason

Orri Ingólfsson

Jón Magnússon

Samþykktir fyrir Hestaíþróttafélagið Sunnu.

1.gr.

Félagið heitir Hestaíþróttafélagið Sunna. Heimili félagsins er að Aðarroddi 36, 300 Akranesi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að efla barna og unglingsastarf á sviði hestaíþrótta.

3. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fræðslu um hestamennsku með umhirðu hesta, þjálfun og þáttöku í keppnisíþróttum.

4. gr.

Félagsaðild: Félagið er opið fyrir alla sem áhuga hafa á hestamennsku en sérstök áhersla er lögð á barna og unglingsastarf.

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti. Einfaldur meirihluti mættra félagsmannra ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

7.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félagsmönnum, formanni og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 2 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

8.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

9. gr.

Hagnaði af starfsemi félagsins skal eingöngu varið í að efla starfsemi félagsins í samræmi við tilgang þess. Félagsmenn njóta ekki fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins.

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.


Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi hinn 7. febrúar 2025.


Akranesi, 7. febrúar 2025

Í stjórn Hestaíþróttafélagsins Sunnu,

 borgartuni@yahoo.se

Daniella Roman kt. 071168-2129 formaður

 Aron J. Tryggvason tryggvason.arm@gmail.com
Aron Orri Tryggvason kt. 190796-3109 meðstjórnandi

 Orri Ingólfsson orringo@gmail.com

Orri Ingólfsson kt. 300886-2569 meðstjórnandi

Umsókn um skráningu og úthlutun á kennitölu til félaga, samtaka og annarra aðila sem ekki stunda atvinnurekstur

samkvæmt 4. tl. 2. gr. laga nr. 17/2003

- Afrít af samþykktum (lögum) félags þarf að fylgja með umsókn þessari.
- Samþykktir þurfa að vera dagsettar og undirritaðar af öllum stjórnarmönnum.
- Fjöldi stjórnarmanna skal vera í samræmi við samþykktir (aðalmenn og varamenn).

Nafn félags	Hestaíþróttafélagið Sunna	
Heimilisfang félags	Æðaroddi 36	
Póstrúmer	300	Sveitarfélag Akranes
Netfang	hmborgartun@gmail.com	

Formaður stjórnar

Nafn	Daniella Roman	Kennitala	071168-2129	Netfang	hmborgartun@gmail.com
------	----------------	-----------	-------------	---------	-----------------------

Meðstjórnendur

Nafn	Aron Orri Tryggvason	Kennitala	190796-3109	Netfang	tryggvason.aron@gmail.com
Nafn	Orri Ingólfsson	Kennitala	300886-2569	Netfang	Orri.ingó@gmail.com
Nafn		Kennitala		Netfang	
Nafn		Kennitala		Netfang	

Varamenn (ef eru kosnir)

Nafn	Kennitala	Netfang

Prókúruhafar - ef eru

Nafn	Kennitala	Netfang
Nafn	Kennitala	Netfang

Ef ekki er pláss fyrir alla aðalmenn og varamenn má nota eigið fylgiblað

Akranesi, 7. febrúar 2025

hmborgartun@gmail.com

Staður og dagsetning



Undirskrift formanns

Netfang

625-9025

Sími

Skráningargjald 30.000 kr. - staðgreiðist eða greiðist inn á reikning:
 Skatturinn, kt. 540269-6029, reikningur 0515-26-723000. Kvittun þarf að fylgja.

Jón Þór Hallsson

From: PH Skráasvið-fyrirspurnir <fyrirtaekjaskra@skatturinn.is>
Sent: föstudagur, 7. febrúar 2025 17:51
To: Jón Þór Hallsson
Subject: Sjálfvirkt svar: Stofngögn Hestaíþróttafélagsins Sunnu

Erindi þitt hefur verið mótttekið og mun verða tekin afstaða til þess svo fljótt sem kostur er. Athugið að afgreiðslutími tilkynninga (nýskráningar og breytingar) er allt að 2-3 vikur. Tilkynningar um hlutafjárlækkanir og beiðnir um undanþágu vegna innköllunarskyldu geta tekið lengri tíma.

Vinsamlega sendið ekki sama póstinn oftar en einu sinni.

Nýskráningar og breytingar hjá einkahlutafélögum má senda inn rafrænt, sjá nánar hér: [Einkahlutafélög | Skatturinn - skattar og gjöld](#) og er afgreiðslutími þeirra tilkynninga um 3-5 virkir dagar.

